

**557. fundur bæjarráðs haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63,
Patreksfirði, fimmtudaginn 4. mars 2010 og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Úlfar B Thoroddsen, Jón Hákon Ágústsson, Þuríður G. Ingimundardóttir og Ragnar Jörundsson.

Fundargerð ritaði: Ragnar Jörundsson bæjarstjóri.

Varaformaður stýrði fundi í fjarveru formanns. Hann lagði til að tekið yrði á dagskrá afrit af bréfi til Skipulagsstofnunar frá Fjarðalaxi ehf. vegna umsagnar bæjarstjórnar um umsókn fyrirtækisins um 3000 tonna framleiðslu á laxi, um hvort umsóknin sé háð umhverfismati. Óskað er endurskoðunar á afgreiðslu málsins sem var tekið fyrir 1. mars sl. Beiðnin er borin fram vegna nýrra gagna í málinu. Bæjarstjóra falið að hafa samband við Skipulagsstofnun og óska eftir að afgreiðslu bæjarráðs frá 1. mars verði lögð til hliðar þar til bæjarstjórn hefur farið yfir málið, sem verður fyrir 15. mars. nk.

Dagskrá:

1. 1003005 - Umsóknir um starf skrifstofustjóra.

Auglýst var starf skrifstofustjóra Vesturbyggðar laust til umsóknar og rann umsóknarfrestur út 27. febrúar sl. Tíu umsóknir hafa borist. Málinu vísað til frekari umræðu í bæjarráði.

2. 1002055 - Fiskistofa: Fjarðarlax rekstrarleyfi til fiskeldis í Arnarfirði

Bæjarstjórn vísaði til afgreiðslu bæjarráðs, erindi frá Fiskistofu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jónatans Þórðarsonar og Fjarðalax ehf. um rekstrarleyfi til laxeldis í Arnarfirði. Fyrir liggja starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Sótt er um leyfi fyrir 200 tonn fyrir hvorn aðila.

Óskað var eftir að umsögn yrði skilað fyrir 20. febrúar sl. Í erindi Fiskistofu var kallað sérstaklega eftir mati sveitarstjórnar á upplýsingum varðandi heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Bæjarráð óskaði eftir upplýsingum um hvað við væri átt með þessari sérstöku ábendingu, þar sem bæjarstjórn taldi það ekki samræmast m.a. varðanda tilgreind fylgiskjöl í umsókninni. Upplýsingar frá Fiskistofu um túlkun þessara atriða bárust nú í vikunni. Í ljósi þeirrar túlkunar, telur bæjarráð það ekki vera þess, að veita umsögn um umsóknirnar.

Það er almenn skoðun bæjarráðs að nógildandi lög og reglur, um rekstrarleyfi til fiskeldis í sjó, séu löngu úreltar og skorar á yfirvöld að endurskoða þau hið fyrsta.

3. 1001029 - Staða verkefnisins Ferðumst og fræðumst

Sigmar B. Hauksson ráðgjafi Vesturbyggðar við verkefnið Ferðumst og fræðumst og Guðrún Eggertsdóttir verkefnisstjóri verkefnisins mættu undir þessum lið.

Sigmar fóru yfir stöðu F&F og sýnt var kynningarmyndband og kynnt

heimasíðan sagafjords.is sem er komin á internetið, en er enn í vinnslu. Kom fram að helstu og dýrustu kostnaðarliðir sem varða undirbúning og kynningu, eru að mestu lokið. Því sé mjög áriðandi að stefna að því að fá hingað í sumar 3-4 hópa til þess að „prufakeyra“ verkefnið. Hægt verði á ferðinni og stefnt að undirbúningi fyrir árið 2011 strax í haust. Varaformaður þakkaði gestum komuna fyrir kynninguna og skýringar. Málinu vísað til frekari umfjöllunar hjá bæjarráði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:50
